

141
8. júlí

REGLUGERÐ

um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu,
nr. 121 frá 24. júlí 1940.

1. gr.

12. gr. orðist svo:

Hreppstjóri skal, áður en 14 vikur eru af sumri, senda hlutaðeigandi hreppsnefnd skýrslu um tölu sauðfjár og hrossa, er sundurliðuð sé í samræmi við ákvæði 2. gr.

Skýrsla þessi skal samin eftir síðasta skattframtali. Verði breyting á búfjártölu framteljanda frá síðasta skattframtali, skal hann sannanlega tilkynna hana hreppstjóra áður en 12 vikur eru af sumri, og tekst hún þá til greina á skýrslu hreppstjóra.

Eins ber að tilkynna um öll kaup og sölu búpenings, sem fram hefur farið á þessu tímabili, enda sé kaupandi fjallskilaskyldur af keyptum búpeningi.

2. gr.

13. gr. orðist svo:

Fjallskilaskyld er allt sauðfé og öll hross veturgömum og eldri. Undanskilin eru brúkunarhross, þó eigi fleiri en 5 hjá sama eiganda.

Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður.

Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins til peninga-verðs og jafna honum niður á alla þá, sem fjallskil eiga að greiða, samkvæmt eftirfarandi gjaldskylduákvæðum. Fjallskilakostnaði skal jafna niður á búfjáreign samkvæmt skýrslu þeirri frá hreppstjóra, er um ræðir í 1. gr. Skal þá jafnt auratal lagt á hverja hryssu sem 6 kindur, og hvert hross annað sem 4 kindur, en á tvær ær framtaldar sem 3 kindur. Þó er hreppsnefndum Hvammstangahrepps, Kirkjuhvammshrepps og Þverárhrepps heimilt að leggja lægra gjald á hross.

Hreppsnefndir skulu taka afréttartoll, allt að kr. 50.00 auk fjallskila, af hrossum í héraðinu, sem eru eign manna búsettra utan þess.

3. gr.

Við 14. gr.:

Í stað „fjáreigandi“ í annarri málsgrein, komi: hann.

4. gr.

Við 15. gr.:

Í stað „skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu“ komi: Skýrslur þær, er um getur í 1. gr.

5. gr.

Við 18. gr.:

Úr greininni falli orðin „á fjáreigendur“.

6. gr.

22. gr. orðist svo:

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur eigi útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra, 6 dögum áður en fjallgöngur byrja, og borgar hann þá göngurnar sektarlaust, en án tillits til mats á þeim, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri annast um að útvega mann

í göngurnar fyrir sanngjarna borgun. Á sama hátt skal útvega hesta, fæði og annað, **141**
sem vantar. 8. júlí

Skylt er hverjum fjallskilaskyldum manni, ef krafizt er, að borga sanngjarnlega ómak og fyrirhöfn hreppsnefndar eða fjallskilastjóra.

7. gr.

28. gr. orðist svo:

Ef enginn rekstrarfær maður er heima, er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fé það, er eftir á að verða, en reka svo reksturinn til næsta rekstrarfærs manns. Greiða skal rekstrarmanni þóknun fyrir rekstur umfram eina bæjarleið, er sé kr. 0.70 á einfaldan km, að viðbættri verðlagsuppbót.

Rekstrarmaður fær þóknun sína greidda úr fjallskilasjóði, en fjallskilasjóður innheimtir gjaldið aftur hjá hlutaðeigandi ábúendum eða eigendum, ef um eyðibýli er að ræða.

8. gr.

Við 40. gr.:

Inn í 3. málsg. greinarinnar, á eftir orðunum „50 aurum um sólarhringinn“ bætist: að viðbættri verðlagsuppbót.

9. gr.

Breytingar þessar og viðaukar við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu gilda fyrst um sinn, meðan fjárfækkunar gætir af völdum fjárskiptanna, og sýslunefnd hefur ekki gert aðra ákvörðun.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1937, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 101 frá 23. júlí 1949, um breytingar og viðauka við fjallskilareglugerð Vestur-Húnavatnssýslu, nr. 121 frá 24. júlí 1940.

Landbúnaðarráðuneytið, 8. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REIKNINGUR

142

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófasts Melsteds og
frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsteds árið 1951.

Tekjur:

| | |
|--|-------------|
| 1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tið. 1951 B., bls. 450) | kr. 6297.68 |
| 2. Óafhentir trjáræktarsjóðir | — 685.88 |
| 3. Vextir árið 1951 af aðalsjóðnum | — 302.26 |
| 4. Vextir árið 1951 af sparisjóðsinnstæðum trjáræktarsjóða | — 23.93 |

Kr. 7309.75